



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað vegna uppbyggingar við Helgadalsveg 60

Dags: 11. september 2020

Málsnúmer: 202003016/19.3

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Þóra M. Hjaltested, Lögmaður Mosfellsbæjar,

Málið á rætur að rekja til erindis frá Hrefnu Guðmundsdóttur og Jens Páli Hafsteinssyni, dags. 2. mars 2020, þar sem óskað var heimildar til að deiliskipuleggja fasteignina Helgadalsveg 6. Fram kom að eigendur stefni að byggingu heilsárs einbýlishúss á 2. hæðum og gróðurhúsi sem ræktunarstað.

Skipulagsnefnd tók málið fyrir á 511. fundi nefndarinnar þar sem eftirfarandi var bókað:

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og vísar því til bæjarráðs vegna samninga um uppbyggingu innviða.

Málið var tekið fyrir á 1449. fundi bæjarráðs þann 25. júní 2020 og lá fyrir minnisblað skipulagsfulltrúa þar sem m.a. var að finna áætlaðan kostnað við uppbyggingu innviða. Bæjarráð samþykkti að fela bæjarstjóra og lögmanni bæjarins að ræða við bréfitara, og eftir atvikum að gera við hann samkomulag, um þann kostnað sem af framkvæmdinni hlýst áður en lengra er haldið.

Fyrirliggjandi eru drög að samningi við landeigendur. Í því samkomulagi kemur m.a. fram að samkomulagið sé gert þar sem ljóst sé að gatnagerðargjöld muni ekki standa undir fyrirhuguðu deiliskipulagi á landinu. Landeigendur hyggjast sjálfir bora fyrir köldu vatni á lóðinni og hafa afþakkað lagningu kaldavatnslagna af hálfu Mosfellsbæjar. Mosfellsbær mun því ekki bera ábyrgð á kostnaði sem fellur til vegna lagningar kaldavatnslagna og kalds vatns.

Áætlað er að kostnaður vegna veituframkvæmda og tenginga við stofnlagnir muni nema um 7.000.000 kr. að meðtöldum verktakakostnaði, hönnun, umsjón og eftirliti. Landeigendur munu greiða full gatnagerðargjöld sem áætlað er að muni nema. 13.761.200 kr. fyrir 400 fermetra hús.

Tillaga

Með vísan til þess að fyrir liggur samningur um greiðslu innviða er lagt til að bæjarráð heimili áframhald hönnun deiliskipulags vegna Helgadalsvegs 60.

Virðingarfyllt,

*Þóra M. Hjaltested
Lögmaður Mosfellsbæjar*